



Svæðisskipulag Vestfjarða 2025 - 2050

Samantekt umsagna og viðbragða

að lokinni kynningu á tillögu skv. 24. gr. Skipulagslaga

4. maí 2026

Unnið fyrir:

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða og
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Unnið af:

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík
www.vso.is

urbana

Lækjartorgi 5, 101 Reykjavík
www.urbana.is

Efnisyfirlit

1	Lokatillaga svæðisskipulagsnefndar	3
1.1	Kynning tillögunnar skv. 24. gr. skipulagslaga	3
1.2	Framkomnar athugasemdir við kynningartillögu	3
2	Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim	4
3	Yfirlit yfir samráð við mótun svæðisskipulags Vestfjarða	11

Þessi samantekt er lögð fram með tillögu svæðisskipulagsnefndar að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050 til afgreiðslu sveitarstjórna, sbr. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skjalið er þannig uppbyggt að í fyrsta kafla er gerð grein fyrir lokatillögu svæðisskipulagsnefndar, kynningu tillögunnar, framkomnum athugasemdum og úrvinnslu nefndarinnar. Í öðrum kafla er yfirlit yfir umsagnir og viðbrögð við þeim. Í þriðja kafla er dregið saman samráð við mótun svæðisskipulagsins frá upphafi verkefnisins

1 Lokatillaga svæðisskipulagsnefndar

Svæðisskipulagsnefnd hefur, að loknum kynningartíma, fjallað um tillöguna að nýju í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin hefur tekið afstöðu til framkominna athugasemda og metið hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Niðurstaða nefndarinnar er að framkomnar athugasemdir gefi ekki tilefni til grundvallarbreytinga á stefnu eða meginforsendum svæðisskipulagsins. Gerðar hafa verið þær lagfæringar og skýringar sem nefndin telur tilefni til, bæði í svæðisskipulagstillögu og eftir atvikum í fylgigögnum.

Svæðisskipulagsnefnd leggur því tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050, ásamt athugasemdum og umsögn nefndarinnar um þær, fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til afgreiðslu, sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1.1 Kynning tillögunnar skv. 24. gr. skipulagslaga

Tillaga að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050 var auglýst og kynnt í samræmi við 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að undangengnu samþykki sveitarstjórna og yfirferð Skipulagsstofnunar.

Kynningargögn voru aðgengileg í Skipulagsgátt, mál nr. 603/2024. Þar voru birt kynningartillaga svæðisskipulags, umhverfismat, stöðumat, upptaka af kynningu. Kynningarfundir voru haldnir í Hólmavík 24. febrúar, á Ísafirði 25. febrúar og á Patreksfirði 10. mars. Einnig var tillagan kynnt sérstaklega fyrir Breiðafjarðarnefnd 26. mars.

Erindi var sent á skilgreinda umsagnaraðila og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögnum og athugasemdum á kynningartíma.

1.2 Framkomnar athugasemdir við kynningartillögu

Alls bárust athugasemdir frá 14 aðilum. Athugasemdir bárust frá einstaklingum, sveitarfélagi, ríkisstofnunum, félagasamtökum og öðrum hagaðilum.

Svæðisskipulagsnefnd fór yfir allar framkomnar athugasemdir og tók afstöðu til þess hvort þær gæfu tilefni til breytinga á tillögunni. Niðurstaða nefndarinnar var að athugasemdir kölluðu ekki á grundvallarbreytingar eða efnislega endurskoðun á meginforsendum og stefnu svæðisskipulagsins. Hins vegar var talið rétt að gera nokkrar lagfæringar, skerpa orðalag á stöku stað, leiðrétta skýringarmyndir og bæta við skýringum í svæðisskipulagstillögu og fylgigögnum.

Þessar breytingar breyta ekki meginmarkmiðum eða stefnu tillögunnar, heldur skýra framsetningu og styrkja rökstuðning þar sem tilefni var til.

Í kafla 2 er gerð nánari grein fyrir framkomnum athugasemdum og viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar við þeim. Fylgt er sömu númeraröð og í Skipulagsgátt. Lengri umsagnir eru brotnar niður í undirliði þar sem þær fjalla um fleiri en eitt efnisatriði eða kalla á mismunandi viðbrögð.

2 Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim

Nr.	Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar
1	Silja Björg Ísafoldardóttir	Bent er á mikilvægi þess að hlúa að stöðum sem ferðafólk sækir, varðveita staði sem hafa sögulegt gildi og huga sérstaklega að óskráðum minjum. Einnig er lögð áhersla á að Vestfirðir sýni samstöðu um að vera góðir gestgjafar og íbúar.	Ábendingarnar eru í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um sjálfbæra ferðaþjónustu, ábyrga uppbyggingu áfangastaða, menningarminjar, skráningu og varðveislu menningararfs. Umsögnin kallar ekki á breytingar á tillögunni.
2	Anna Jonna Ármannsdóttir	Gerðar eru athugasemdir við að stefna svæðisskipulagsins geti takmarkað möguleika til uppbyggingar sólarorku á landbúnaðarlandi. Bent er á að sólsellugarðar geti verið afturkræfar framkvæmdir og vísað til erlendra staðla um slíka uppbyggingu.	Í kynningartillögu hafði þegar verið komið að hluta til móts við athugasemdir sem gerðar voru við vinnslutillögu. Erlendir staðlar taka mið af öðrum aðstæðum en gilda á Íslandi og ekki liggur fyrir íslenskur staðall eða sérstakt regluverk um sólsellugarða. Svæðisskipulagið gengur ekki lengra en leiðir af almennum lögum og reglum en skýringartexti um stefnu um orkuöflun var einfaldaður.
3	Húnaþing vestra	Húnaþing vestra gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Í umsögn er þó bent á að möguleg framtíðarumfjöllun um samgöngu- og ferðaþjónustuleiðir geti haft tengsl við aðalskipulag Húnaþings vestra og fyrirbyggjandi umfjöllun um vegi að Hólmavík.	Umsögnin krefst ekki sérstakra viðbragða.
4	Dregið til baka	Athugasemd var dregin til baka.	Umsögnin er ekki tekin til efnislegrar umfjöllunar.
5	Breiðafjarðar-nefnd	Í umsögn Breiðafjarðarnefndar voru lagðar til orðalagsbreytingar sem miðuðu að því að skýra betur umfjöllun um Breiðafjörð, sérstöðu svæðisins og verndargildi.	Orðalagsbreytingar voru gerðar í samræmi við umsögnina. Umfjöllun um Breiðafjörð var skýrð í svæðisskipulagstillögunni og í stöðumatsskýrslu.
6	Minjastofnun Íslands	Minjastofnun vísar til fyrri umsagnar sinnar við vinnslutillögu og bendir á mikilvægi menningarminja, fornleifaskráningar, minja í hættu vegna náttúruvár og þess að menningarminjar geti nýst sem grundvöllur fjölbreyttrar og sjálfbærrar ferðaþjónustu.	Samhljóða athugasemdir bárust við vinnslutillögu. Við auglýsingu kynningartillögu hafði þegar verið komið til móts við þær með aukinni umfjöllun um menningarminjar, m.a. í kafla 3.3, 6.4 og 7.3, með nýjum eða breyttum leiðum og skýringartexta. Umsögnin kallar ekki á frekari breytingar á tillögunni.

Nr.	Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar
7.1	Náttúrustofa Vestfjarða	Náttúrustofa Vestfjarða telur að stefna um ágengar framandi tegundir þurfi að vera skýrari. Bent er á að ekki dugi að „halda í skefjum“ heldur þurfi að móta stefnu um forgangsröðun tegunda og aðgerða með áherslu á hemjun ágengra tegunda.	Tekið var tillit til ábendingarinnar með breyttu orðalagi undir markmiði 3.2.2. Þar er nú beint til sveitarfélaga að móta aðgerðir til að hemja útbreiðslu ágengra framandi tegunda og setja viðkvæm vistkerfi og verndarsvæði í forgang. Nánari forgangsröðun aðgerða á betur heima í aðgerðaáætlun þar sem auðveldara er að laga aðgerðir að stöðu og ógnum hverju sinni.
7.2	Náttúrustofa Vestfjarða	Lagt er til að í stefnu um loftslagsvænar lausnir í landnýtingu verði skýrt kveðið á um vernd erfðafræðilegs fjölbreytileika, forgangsröðun innlendra tegunda og staðbundinna erfðastofna og að aðgerðir séu unnar í samræmi við vistkerfisnálgun.	Ekki er gert ráð fyrir að setja nánari leiðbeiningar um skógræktarverkefni í svæðisskipulaginu. Sjónarmið um erfðafræðilegan fjölbreytileika, staðbundna erfðastofna og vistkerfisnálgun geta komið til frekari umræðu við vinnslu heildstæðrar svæðisáætlunar um landgræðslu og skógrækt.
8.1	Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun vísar til fyrri umsagnar við vinnslutillögu og bendir á áskoranir við að samræma vernd landslags, víðerna og náttúruupplifunar við uppbyggingu orkuvera og innviða. Einnig er bent á mikilvægi þess að meta náttúrulega burðargetu og álagsþol vistkerfa fyrirfram.	Í tillögunni er markmið um að auka þekkingu á landslagsgerðum, landslagsheildum og landslagsgæðum og leið um heildræna greiningu á landslagi og víðernum Vestfjarða. Slík greining verður unnin þegar fyrir liggur samræmd aðferðafræði á landsvísu um flokkun og greiningu víðerna. Mat á burðargetu og álagsþoli þarf almennt að fara fram fyrir einstakar framkvæmdir eða áætlanir.
8.2	Náttúrufræðistofnun	Stofnunin fagnar áformum um ný verndarsvæði, m.a. Þjóðgarða við Dynjanda, Vatnsfjörð og Drangajökul og mögulega stækkun friðlands á Hornströndum. Jafnframt telur stofnunin markmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni jákvæð en bendir á að skilgreina þurfi hvernig þau verði útfærð, t.d. með friðlýsingum eða hverfisvernd.	Umsögnin styður við stefnu svæðisskipulagsins um verndarsvæði og líffræðilega fjölbreytni. Sambærileg athugasemd um útfærslu verndar kom fram við vinnslutillögu og hafði þegar verið brugðist við með orðalagi um hverfisvernd og að við skipulagsgerð skuli sveitarfélögin leitast við að vernda viðkvæm vistkerfi.

Nr.	Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar
8.3	Náttúrufræðistofnun	Stofnunin fagnar áherslu á vernd og endurheimt votlendis og birkiskóga, svæðisáætlun um landgræðslu og skógrækt og bendir á að við forgangsröðun loftslagsaðgerða þurfi einnig að taka tillit til áhrifa á lífríki.	Umsögnin styður við stefnu svæðisskipulagsins um vernd og endurheimt vistkerfa. Orðalag um „lítt snortna birkiskóga“ var tekið upp í skýringum við kafla 3.2. Að öðru leyti hafði þegar verið komið til móts við sjónarmið um lífríki og loftslagsaðgerðir áður en kynningartillaga var auglýst.
8.4	Náttúrufræðistofnun	Stofnunin hvetur til varúðar og góðra grunnrannsókna ef kemur til orkuöflunar í sjó og við strendur. Einnig er fagnað markmiði um sameiginlega stefnumótun um smávirkjanir en lögð áhersla á að umhverfisáhrif verði metin.	Umfjöllun svæðisskipulagsins um orkuöflun í sjó er almenns eðlis enda eru möguleikarnir enn lítt kannaðir og ljóst að frekari rannsókna er þörf. Sjónarmið um mat á áhrifum smávirkjana eru í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins. Umsögnin kallar ekki á breytingar á tillögnum.
8.5	Náttúrufræðistofnun	Bent er á mikilvægi þess að starfsemi í bláa hagkerfinu taki mið af varfærinni umgengni um lífríki hafsins, m.a. kalkþörungasvæði.	Flest þau atriði sem nefnd eru lúta að hafsvæðum utan skipulags-svæðis svæðisskipulagsins og eiga frekar við um strandsvæðisskipulag. Umsögnin kallar ekki á breytingar á tillögnum.
8.6	Náttúrufræðistofnun	Stofnunin leggur áherslu á að náttúruvernd sé forsenda áfangastaðauppbýggingar, að álagi sé stýrt í samræmi við burðargetu svæða og að landtaka skemmtiferðaskipa sé aðeins heimil þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt.	Ábendingin er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins. Mat á burðargetu svæða þarf að styrkjast við frekari áfangastaðauppbýggingu. Í kynningartillögu hafði þegar verið komið að hluta til móts við athugasemdir um landtöku skemmtiferðaskipa með breyttri stefnu um landtöku með farþega í atvinnuskyni.
9.1	Landsnet	Landsnet minnr á ábyrgðarskiptingu milli flutningskerfis og dreifikerfis raforku og telur að skýra megi umfjöllun í svæðisskipulaginu að þessu leyti. Einnig er bent á að fyrirhugað tengivirki í Miðdal sé ekki merkt á skýringarmyndum á þeim stað sem gert er ráð fyrir samkvæmt valkostagreiningu og matsáætlun fyrir Hvalárlínu og Miðdalslínu.	Orðalag í undirkafla 4.3 var yfirfarið og skerpt til að skýra hvort átt sé við flutningskerfi, dreifikerfi eða hvort tveggja. Skýringarmyndir voru leiðréttar í samræmi við ábendingu um tengivirki í Miðdal, bæði í svæðisskipulagstillögnum og stöðumatsskýrslu.

Nr.	Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar
9.2	Landsnet	Landsnet upplýsir um að kynntur verði nýr valkostur Hvalárlínu þar sem línuleið er sú sama en loftlína að öllu leyti.	Upplýsingarnar voru hafðar til hliðsjónar við yfirferð skýringartexta um jarðstrengi. Orðalag var yfirfarið með það að markmiði að skýra að jarðstrengir verði nýttir eins og hægt er án þess að það ógni raforkuöryggi.
10	Landvernd	Landvernd gerir athugasemd við að Hvalárvirkjun og Hvalárlína séu sýndar í svæðisskipulaginu þar sem framkvæmdaleyfi vegna undirbúnings Hvalárvirkjunar hafi verið felld niður eftir kæru.	Lykilforsenda þess að gert er ráð fyrir Hvalárvirkjun og tengdum flutningsmannvirkjum er ekki framkvæmdaleyfið heldur sú staða að Hvalárvirkjun er í nýtingarflokki rammaáætlunar. Sú forsenda er óbreytt og því er ekki talin ástæða til breytinga. Sveitarfélögum ber að samræma skipulagsáætlanir við gildandi rammaáætlun, skv. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun 48/2011. Að auki er vert að benda á að svæðisskipulagið mótar ekki stefnu um legu Hvalárlínu og Miðdalslínu en sýnir á skýringarmynd þá valkosti sem eru til athugunar í mati á umhverfisáhrifum.
11	Land og skógur	Land og skógur lýsir stuðningi við tillöguna og lýsir sig reiðubúna til samstarfs við Vestfirðinga um heildstæða svæðisáætlun um landgræðslu og skógrækt.	Umsögnin styður við stefnu svæðisskipulagsins og kallar ekki á breytingar á tillögunni.
12.1	Bændasamtök Íslands	Bændasamtökin fagna því að svæðisskipulagið geri ráð fyrir að dreifbýli sé áfram lifandi búsetu- og atvinnusvæði. Jafnframt er fagnað tengingu landnýtingar og loftslagsaðgerða og hvatt til þess að landbúnaður sé settur fram sem virkur þátttakandi í lausnum en ekki einhliða sem losunarþáttur.	Umsögnin styður við stefnu svæðisskipulagsins um lifandi dreifbýli, landnýtingu og loftslagsaðgerðir. Framkvæmd stefnunnar er háð því að ríkið styðji við verkefni og einfaldi regluverk. Umsögnin kallar ekki á breytingar á tillögunni.

Nr.	Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar
12.2	Bændasamtök Íslands	Lýst er áhyggjum af því að verndarsvæði og þjóðgarðahugmyndir geti sett landbúnaði hömlur og torveldað rekstrarskilyrði bænda.	Innan þeirra þjóðgarðahugmynda sem settar eru fram í svæðisskipulaginu er enginn búskapur í dag. Almennt er ekki farið í friðlýsingar nema með samþykki landeigenda. Myndatexta við skýringarmynd 3.2 var breytt til að skýra að um tillögur og hugmyndir sé að ræða og að útfærsla verði mótuð í samráði við náttúruverndaryfirvöld, sveitarfélög og aðra hagaðila.
12.3	Bændasamtök Íslands	Bændasamtökin gera athugasemdir við beitingu víðernahugtaksins og benda á að stór hluti Vestfjarða sé í virkri nýtingu, m.a. með beit, hlunnindanýtingu, landgræðslu og skógrækt.	Skylda til að standa vörð um óbyggð víðerni kemur úr náttúruverndarlögum. Túlkun og skilgreining víðernahugtaksins er á hendi annarra en svæðisskipulagsins. Stefna svæðisskipulagsins tekur mið af þeim lagaramma sem gildir og kallar ekki á breytingu vegna umsagnarinnar.
12.4	Bændasamtök Íslands	Bændasamtökin lýsa áhyggjum af því að loftslagsaðgerðir, sjálfbærni og skógrækt geti leitt til kvaða eða aukinna leyfis- og matsferla fyrir bændur og starfandi bújarðir. Einnig eru gerðar athugasemdir við orðalag sem samtökin telja fela í sér að skógrækt sé sett fram sem óæskileg breyting á víðernum.	Svæðisskipulagið skapar ekki kvaðir um þátttöku í virkum loftslagsaðgerðum sem tengjast landnýtingu og leggur upp með að slík verkefni séu unnin á jafnræðisgrundvelli. Sjálfbærni er þegar grundvallarsjónarmið í skipulagsgerð og leyfisveitingum samkvæmt gildandi lögum og stefnum. Svæðisskipulagið skapar ekki nýjar kvaðir umfram það. Orðalagið sem vísað er til um skógrækt kemur ekki fyrir í svæðisskipulagstillögunni og skógrækt kemur ekki fyrir í umfjöllun tillögunnar um víðerni.
13.1	Náttúruverndarstofnun	Umsögn Náttúruverndarstofnunar byggir í meginatriðum á umsögn stofnunarinnar við vinnslutillögu svæðisskipulagsins.. Stofnun leggur til að markmið 3.2.2 verði skýrt með viðmiðum um mat á verndargildi vistgerða og búsvæða, m.a. með hliðsjón af vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar og válistum. Einnig leggur stofnunin áherslu á að náttúrumiðaðar loftslagslausnir verði metnar bæði með hliðsjón af kolefnisbindingu og líffræðilegri fjölbreytni.	Orðalag var skert í samræmi við ábendinguna. Bætt var við tilvísun til vistgerða með hátt og mjög hátt verndargildi og við skýringar undirkaflans var bætt tilvísun til vistgerðaflokkunar Náttúrufræðistofnunar og válista. Orðalagi markmiðs 3.2.3 hafði þegar verið breytt fyrir auglýsingu kynningartillögu til að undirstrika mikilvægi þess að meta bæði bindingu og áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Nr.	Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar
13.2	Náttúruverndarstofnun	Stofnunin fagnar áhuga Vestfirðinga á stofnun Dynjandisþjóðgarðs og leggur áherslu á að ljúka því verkefni sem fyrst. Einnig er fjallað um Drangajökulsþjóðgarð og bent á að svæðið hafi áður verið metið sem víðerni.	Umsögnin styður við stefnu svæðisskipulagsins um stofnun og eflingu friðlýstra svæða. Svæðisskipulagið er stefna til 25 ára og er ætlað að vera hreyfiafl sem getur sett mál á dagskrá sem ekki eru nú hluti af áætlunum stjórnvalda. Ekki er vilji til að breyta stefnu svæðisskipulagsins um að kanna möguleika á stofnun þjóðgarðs utan um Drangajökul með aðkomu ríkis og landeigenda.
13.3	Náttúruverndarstofnun	Stofnunin telur nauðsynlegt að svæðisskipulagið skilgreini skýrt helstu víðernissvæði og hvernig tryggja eigi vernd þeirra til framtíðar. Jafnframt bendir stofnunin á að Hvalárvirkjun og fyrirhuguð flutningsmannvirki geti haft veruleg áhrif á Drangavíðerni og mælir með að skoðaður verði jarðstrengur í stað loftlína.	Víðernahugtakið bíður frekari skilgreiningar af hálfu stjórnvalda. Í svæðisskipulaginu eru mismunandi skilgreiningar sýndar á skýringarmynd og fjallað um víðerni út frá fyrirliggjandi gögnum. Gera má ráð fyrir að Hvalárvirkjun og tenging hennar við flutningskerfið hafi áhrif á víðerni. Á móti kemur brýn þörf Vestfirðinga fyrir örugga og stöðuga afhendingu raforku. Hvalárvirkjun er í nýtingarflokki rammaáætlunar og nánari útfærsla flutningsmannvirkja fer fram á síðari stigum.
13.4	Náttúruverndarstofnun	Stofnunin leggur áherslu á að stefna um orkuöflun verði útfærð með skýrum landfræðilegum viðmiðum og í samræmi við náttúruverndarlög, þannig að virkjanir og tengibúnaður skerði ekki víðerni eða mikilvægar landslagsheildir. Einnig fagnar stofnunin stefnumótun um smávirkjanir en leggur áherslu á að tryggt verði að þær hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruverðmæti, lífríki vatnsfalla, víðerni eða friðlýst svæði.	Svæðisskipulagið leggur áherslu á að standa vörð um víðerni og landslagsheildir og að meta uppsöfnuð áhrif. Nánari landfræðileg útfærsla einstakra framkvæmda á frekar heima á síðari stigum skipulags, umhverfismats og leyfisveitinga en í stefnumarkandi svæðisskipulagi. Sjónarmið um smávirkjanir eru í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins og koma fram í skýringum í undirkafla um smávirkjanir.
13.5	Náttúruverndarstofnun	Stofnunin fagnar áherslu á að náttúruvernd verði forsenda ferðabjónustu og að álagi verði stýrt í samræmi við burðargetu svæða.	Burðarþolsmat er gagnlegt verkfæri við stjórnun svæða þar sem ágangur er mikill. Hins vegar getur það verið krefjandi fyrir einstaka landeigendur og sveitarfélög og ekki er ráðlegt að gera slíkt mat að ófrávíkjanlegri skyldu. Orðalagi var breytt eftir kynningu á vinnslutillögu til að skýra þetta betur.

Nr.	Umsagnaraðili	Samantekt umsagnar	Viðbrögð svæðisskipulagsnefndar
14	Vegagerðin	Vegagerðin mælir með að unnið verði samgöngumat til að meta áhrif uppbyggingaráforma á umferð, umferðaröryggi og greiðfærni.	Svæðisskipulagið setur ekki fram svo nákvæma áætlun um landnýtingu að unnt sé að vinna samgöngumat á áhrifum þess. Svæðisskipulagið horfir til lengri tíma en samgönguáætlun og er ætlað að vera hreyfiafl sem styður við að mikilvægar framkvæmdir rati inn á samgönguáætlun og aðrar áætlanir ríkisins.

3 Yfirlit yfir samráð við mótun svæðisskipulags Vestfjarða

Mótun Svæðisskipulags Vestfjarða hefur byggst á víðtæku samráði frá upphafi. Vinna við mótun svæðisskipulags hófst með skipun svæðisskipulagsnefndar haustið 2023. Lögð var áhersla á að samþætta upplýsingaöflun og vinnu við endurskoðun sóknaráætlunar fyrir Vestfirði við mótun svæðisskipulagsins.

Verklýsing svæðisskipulags og drög að sóknaráætlun voru kynnt sameiginlega á fjórum opnum íbúafundum á þremur svæðum Vestfjarða vorið 2024. Á fundunum var unnið með fimm framtíðarmyndir um samfélagsþróun næstu 25 árin, sem nýttar voru til að skerpa framtíðarsýn og viðmið fyrir stefnumótun svæðisskipulagsins. Ferlinu lauk á Fjórðungspingi Vestfirðinga haustið 2024 með vali á framtíðarmynd sem viðmiði við mótun svæðisskipulagsins og gerð frumdraga.

Vinnslutillaga var kynnt sumarið 2025. Hún var birt í Skipulagsgátt frá 6. júní til 20. ágúst 2025 og kynnt sveitarfélögum, ráðum og samstarfsaðilum á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu. Á kynningartímanum voru haldnir fundir með Menningarráði Vestfjarða, Súðavíkurreppi, Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Bolungarvíkurkaupstað, Ungmennaráði Vestfjarða, Reykhólahreppi og sóknarhópi Vestfjarðastofu.

Alls bárust 18 umsagnir og 78 ábendingar við vinnslutillögu. Helstu viðfangsefni þeirra voru samgönguinnviðir og lykilleiðir, vindorka og orkuöflun, skilgreining meginþéttbýliskjarna, tengsl við sóknaráætlun og aðrar stefnur landshlutans, auk orðalags um jafnvægi nýtingar og verndunar.

Eftir kynningu vinnslutillögu áttu ráðgjafar og verkefnastjóri samtalið við Skipulagsstofnun, Fjórðungsping Vestfirðinga, innviðanefnd Fjórðungssambandsins og Vegagerðina. Svæðisskipulagsnefnd fjallaði jafnframt um umsagnir og úrvinnslu tillögunnar á fundum sínum haustið 2025.

Tillaga að svæðisskipulagi til kynningar var samþykkt í öllum sveitarfélögum í lok árs 2025. Að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar, nú Húsnæðis, mannvirkja og skipulagsstofnunar (HMS), var kynningartillaga birt í Skipulagsgátt frá 16. febrúar til og með 7. apríl 2026. Á kynningartímanum voru haldnir opnir kynningarfundir í Hólmavík, á Ísafirði og á Patreksfirði, auk þess sem tillagan var kynnt fyrir Breiðafjarðarnefnd. Upptaka af kynningu á skipulagstillögunni var jafnframt aðgengileg í Skipulagsgátt. Alls bárust athugasemdir frá 14 aðilum á kynningartíma tillögunnar, eins og gerð er grein fyrir í köflum 1 og 2.

Að lokinni yfirferð svæðisskipulagsnefndar á framkomnum athugasemdum var staða málsins kynnt fyrir sveitarstjórnarfólki á auka Fjórðungspingi í apríl 2026. Þar var farið yfir kynningu tillögunnar, umsagnir, meginniðurstöður úrvinnslu svæðisskipulagsnefndar og næstu skref við afgreiðslu og staðfestingu svæðisskipulagsins.